

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla
2003

Efnisyfirlit

1.	Aðfaraorð formanns	3
2.	Starfsemi Úrvinnslusjóðs 2003	4
2.1	Stjórn og starfsmenn	4
2.2	Hlutverk og verklag	4
2.3	Nýir vörflokkar	5
3.	Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2003	7
3.1	Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra	8
3.2	Áritun endurskoðenda	8
3.3	Rekstrarreikningur ársins 2003	9
3.4	Efnahagsreikningur 31. desember 2003	9
3.5	Sjóðstreymi árið 2003	10
3.6	Skýringar með ársreikningi 2003	10
3.7	Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vörflokka fyrir árið 2003	12
4.	Rekstur úrvinnslugjaldskerfisins	13
4.1	Fjárhagsafkoma	13
4.2	Samanburður við áætlanir	14
4.3	Kostnaður við framkvæmd laganna um úrvinnslugjald	15
4.4	Rekstraráætlun 2003	15
5.	Rekstraryfirlit eftir einstökum vörflokkum	17
5.1	Samsettar drykkjarvöruumbúðir	17
5.2	Olíuvörur	18
5.3	Lifræn leysiefni	19
5.4	Halógeneruð efnasambönd	20
5.5	Ísósýanöt	21
5.6	Málning og litarefni	22
5.7	Prentlitir	23
5.8	Raflöður	24
5.9	Blýsýrurafgeymar	25
5.10	Vörur í ljósmyndaiðnaði, framköllunarvökvar	26
5.11	Kvikasilfurvörur	27
5.12	Varnarefni	28
5.13	Kælimiðlar	29
5.14	Hjólbarðar	30
5.15	Veidarfæri	30
5.16	Ökutæki	31

Útgefandi: Úrvinnslusjóður 2003
Forsíðu: H2 hönnun
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Gutenberg

1. Aðfaraorð formanns

Úrvinnslusjóður var stofnaður í desember árið 2002 með lögum nr. 162/2002 og hóf starfsemi 1. janúar 2003. Úrvinnslusjóði er ætlað að skapa hagræn skilyrði fyrir söfnun, meðhöndlun og viðunandi endurvinnslu eða endurnýtingu tiltekna flokka úrgangs sem tilgreindir eru í lögnum. Jafnframt því að taka við umsjón með nýjum úrgangsflokkum, tók Úrvinnslusjóður yfir starfsemi Spilliefnanefndar er starfað hafði frá árinu 1996.

Hlutverk Úrvinnslusjóðs er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Úrvinnslusjóði er ætlað að vera tæki til að mæta skyldum stjórnvalda um endurvinnslu og endurnýtingu, bæði alþjóðlegum og þeim sem ríkisstjórn eða Alþingi ákvarða. Með stofnun Úrvinnslusjóðs hafa stjórnvöld og atvinnulíf mætt kröfum samtímans um aukna endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og búið til farveg til að auka möguleika á betttri nýtingu á takmörkuðum auðlindum jarðar. Úrvinnslugjald er lagt á samkvæmt mengunarbótareglunni og færir meðferð ákveðinna þátta úrgangs nær framleiðendaábyrgð.

Stjórn Úrvinnslusjóðs var skipuð frá og með 1. janúar 2003. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans og reglugerða settra samkvæmt þeim og er umhverfisráðherra til ráðgjafar við framkvæmd laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Stjórnin hefur m.a. það hlutverk að móta stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti hans og leggur fyrir umhverfisráðherra til staðfestingar. Stjórnina skipa fimm manns. Formaður stjórnar er skipaður af umhverfisráðherra en aðrir stjórnarmenn eru Sveinn Hannesson skipaður af Samtökum iðnaðarins, Sigurður Jónsson skipaður af SVP - Samtökum verslunar

og þjónustu, Guðfinnur Johnsen skipaður af Landsambandi íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva og Stefán Hermannsson skipaður af Samtökum íslenskra sveitarfélaga. Eins og sjá má er meirihluti stjórnar Úrvinnslusjóðs skipaður aðilum frá atvinnulíf-inu.

Kveðið er á um í lögum um Úrvinnslusjóð að hann skuli hafa samráð við aðila er koma að meðhöndlun úrgangs og þá er greiða úrvinnslugjaldið. Skipan stjórnar endurspeglar þessa ætlan löggjafans.

Eitt af fyrstu verkum stjórnar var að ráða framkvæmdastjóra, Ólaf Kjartansson verkfræðing. Fundið var húsnaði fyrir starfsemi Úrvinnslusjóðs að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík.

Í mörg horn var að líta á fyrsta starfsári Úrvinnslusjóðs. Þar ber hæst undirbúning á innsöfnunarkerfi fyrir hjólbarða, bifreiðar og samsettar pappambúðir. Einnig var unnið að undirbúningi að álagningu úrvinnslugjalds á heyrulluplast, veiðarfæri úr gerviefnum og papp- og plastambúðir.

Úrvinnslusjóður hafði á fyrsta starfsári sínu umsjón með tíu aðgreindum sjóðum úrgangsflokka. Úrvinnslusjóði ber að haga rekstri sjóðanna þannig að tekjur og gjöld standist á innan hvers úrgangsflokks fyrir sig. Úrvinnslusjóði er ætlað að ná jafnvægi í rekstri á skilgreindum tímabilum fyrir hvern og einn sjóð.

Með setningu laga um úrvinnslugjald er stigið skref í þá átt að kostnaður við endurvinnslu, endurnýtingu og meðferð úrgangs skuli innifalinn í verði vörunnar.

Guðm. G. Þórarinnsson
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2003

Lög um úrvinnslugjald voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002 og tóku gildi 1. janúar 2003. Með þeim er Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og þar með var Spilliefnanefnd lögð niður. Úrvinnslusjóði eru fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist og að taka við öllum sjóðum og skuldbindingum Spilliefnanefndar.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds samkvæmt lögnum en umhverfisráðherra setur nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð. Það gerði hann fyrst með reglugerð nr. 227/2003. Hún var síðan felld úr gildi þann 30. júní 2003 með reglugerð nr. 501/2003.

Í lögnum er kveðið á um á hvaða vöruflokka úrvinnslugjald skuli lagt. Gjaldið er lagt á við innflutning og er ætlað að standa undir kostnaði við endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun.

Úrvinnslugjald er lagt á og innheimt af tollstjórum. Skattstjórar leggja gjaldið á innlenda framleiðslu og ökutæki en tollstjórar innheimta það. Úrvinnslugjald rennur í ríkissjóð en er talið til tekna Úrvinnslusjóðs í bókhaldi sjóðsins.

2.1 Stjórn og starfsmenn

Umhverfisráðherra skipaði fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs frá 1. janúar 2003 til fjögurra ára. Hún ber ábyrgð á rekstri sjóðsins gagnvart

ráðherra. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur eru skipaðir að fenginni tilnefningu. Varaformaður er skipaður úr hópi stjórnarmanna af ráðherra eftir tilnefningu stjórnar.

Stjórn Úrvinnslusjóðs skipa: Guðmundur G. Þórarinnsson, stjórnarformaður, Sveinn Hannesson, frá Samtökum iðnaðarins, varaformaður, Guðfinnur G. Johnsen, frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurður Jónsson, frá SVP - Samtökum verslunar og þjónustu og Stefán Hermannsson, frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn Úrvinnslusjóðs réði í mars Ólaf Kjartansson, verkfræðing, til þess að gegna starfi framkvæmdastjóra sjóðsins. Tveir aðrir starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum á árinu. Guðlaugur Sverrisson sem var verkefnisstjóri við undirbúning laga um Úrvinnslusjóð undanfarin þrjú ár og Már Karlsson sem sá um rekstur Spilliefnanefndar meðan hún starfaði, árin 1996 til 2002.

2.2 Hlutverk og verklag

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vöruflokkum sem falla undir lög um Úrvinnslusjóð. Hann leitast við að

Álagning og breytingar úrvinnslugjalds


Vöruflokkur	15.3.1997	15.4.1997	15.6.1997	1.8.1997	1.11.1997	1.3.1998	15.3.1999	1.11.1999	1.1.2000	1.9.2000	1.8.2001	15.12.2001	1.1.2003
Rafgeymar með síru	26,00									21,00	19,00		
Rafgeymar án síru	36,40									29,40	26,60		
Rafgeymar í tækjum	143,00-2.288,00									115,50-1.848,00	104,50-1.672,00		
Rafhliður í rafmagnsspennum				26,00						21,00	19,00		
Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði		32,25-258,00								29,25-234,00			36,75-294,00
Oliumálning			2,00			6,00				10,50	13,50	16,00	17,00
Prentlitir			2,00			6,00						16,00	20,00
Lífræn leysiefni			0,50			1,50				3,00			
Rafhliður með kvikasilfri				186,00						200,00	13,00		559,00
Rafhliður með nikkeldmíum				186,00						200,00	13,00		202,00
Líþjumsrafhliður													171,00
Mangandíoxídrafhliður													91,00
Alkalískar hnapparafhliður										9,00	13,00		5,00
Varnarefni, útrýmingarefni					3,00								
Varnarefni, fúavarnarefni					3,00								
Ísósýanöt					1,00								1,30
Halógeneruð efnasambönd						22,00				75,00	90,00	105,00	
Oliuvörur aðrar en brennsluolia							10,00					9,50	11,50
Kælimiðlar								98,00					2,50
Kvikasilfursvörur									900,00				

Ath. Verð er kr.kg nema fyrir rafgeyma í tækjum og alkalískar hnapparafhliður frá 01.01.2000, kr/stk. Einnig kr/stk. fyrir aðrar rafhliður þann 01.08.2001.

skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um úrvinnslu hans á grundvelli útboða eða verksamninga.


Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki auk þess að sem minnst falli úr hringrásinni í formi úrgangs sem verður að farga. Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilgjalds.



Söfnunarstöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer úrgangurinn til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Móttökustöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða



annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum.

Í upphafi starfsemi Úrvinnslusjóðs var komið á samstarfi sjóðsins og fulltrúa frá sveitarfélögum vegna úrgangs frá vörum sem bera úrvinnslugjald. Samstarfið nær til meðhöndlunar á flokkuðum

úrgangi á söfnunarstöðvum sveitarfélaganna. Einnig var samstarf um kröfur til söfnunarstöðva vegna móttöku ónýtra bifreiða. Samband íslenskra sveitarfélaga valdi átta fulltrúa í samráðshóp sveitarfélaganna og Úrvinnslusjóðs. Þeir koma víða að af landinu og eru fulltrúar sveitarfélaga þar sem aðstæður eru ólíkar og þarfir því mismunandi. Samráðshópurinn hittist nokkrum sinnum á árinu 2003 til að fara yfir verklýsingar og gjaldskrár sem Úrvinnslusjóður gaf síðan út. Hópurinn starfar áfram og verður Úrvinnslusjóði til ráðgjafar um málefni er snerta sveitarfélögin.

Úrvinnslusjóður hélt fjölmarga kynningarfundir um verkefni sjóðsins fyrir félagasamtök og starfsmenn fyrirtækja. Einnig voru haldnir fundir þar sem verklýsingar fyrir meðhöndlun hjólbarða og ónýtra bifreiða voru kynntar. Kynningarrit var sent öllum eigendum bifreiða með innheimtu-seðlum. Í ritinu er lýst ferlinu við að koma bifreið til úrvinnslu og fá skilgjalð greitt.

2.3 Nýir vöruflokkar

Í upphafi ársins hófst álagning úrvinnslugjalds á hjólbarða hvort sem þeir eru fluttir til landsins nýir eða sólaðir, stakir eða sem hluti af ökutækjum. Greiðslur fyrir meðhöndlun hjólbarða, förgun eða endurnýtingu, hófust 1. apríl. Ríkiskaup sá um að auglýsa verklýsingu vegna meðhöndlunar hjólbarða og óska eftir samstarfsaðilum fyrir hönd Úrvinnslusjóðs. Verklýsinguna Skilmálar fyrir þjónustu- og ráðstöfunaraðila - ÚRVS 16-01 er að finna í heild sinni á heimasíðu Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslugjald var einnig fyrst lagt á bifreiðar 1. janúar. Ólíkt því sem er með aðra vöruflokkar, þar sem úrvinnslugjald er lagt á við innflutning eða framleiðslu, er gjaldið lagt á skráðar bifreiðar. Eigandi gjaldskyldrar bifreiðar greiðir samtímis bifreiðagjaldi 1,040 kr. í úrvinnslugjald fyrir hvert ár. Úrvinnslugjald er innheimt af bifreiðum allt þar til þær hafa verið afskráðar en gjaldskylda fellur þó niður þegar liðin eru 15 ár frá nýskráningu. Ólíkt öðrum vöruflokkum Úrvinnslusjóðs er greitt skilgjalð, 10.000 krónur, sérhverjum skráðum eiganda ökutækis sem komið er til úrvinnslu enda hafi úrvinnslugjald verið greitt a.m.k. einu sinni af ökutækinu. Greiðslur skilgjalds og greiðslur vegna meðhöndlunar ónýtra ökutækja hófust 1. júlí.

Undirbúningur að álagningu úrvinnslugjalds á heyrúllplast hófst á árinu. Stjórn Úrvinnslusjóðs skilaði tillögu til umhverfisráðherra um álagningu í tolli við innflutning. Fjárhæðin er 25 kr/kg og hefst gjaldtakan 1. janúar 2004. Móttaka á heyrúllplast hefst 1. júlí 2004. Stjórn Úrvinnslusjóðs gefur út í byrjun árs 2004 verklýsingu fyrir meðhöndlun heyrúllplasts og hvernig greitt verður fyrir hana.

Stjórn Úrvinnslusjóðs skilaði umhverfis-

ráðherra tillögum að úrvinnslugjaldi á veiðarfæri, en haustið 2003 frestaði Alþingi álagningu þess til 1. janúar 2005. Frestinn á að nota til þess að ná samkomulagi milli útgerðarmanna, veiðarfæraframleiðenda og innflytjenda um að taka að sér meðhöndlun veiðarfæra, á eigin ábyrgð, án innheimtu úrvinnslugjalds.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársreikningur 2003

3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra	8
3.2 Áritun endurskoðenda	8
3.3 Rekstrarreikningur ársins 2003	9
3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2003	9
3.5 Sjóðstreymi árið 2003	10
3.6 Skýringar með ársreikningi 2003	10
3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2003	12

3.1 Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs staðfesta hér með eftirfarandi skýringum og fyrirvara ársreikning sjóðsins árið 2003.

Skýring þess hversu seint þessi ársreikningur er fram kominn liggur að mestu í töfum sem orðið hafa í bókhaldsþjónustu Fjársýslu ríkisins. Sá fyrirvari er gerður við staðfestingu reikningsins að stjórn og framkvæmdastjóri telja tekjur vantaldar að upphæð sem svarar vöxtum af innstæðum sjóðsins hjá ríkissjóði, sbr. 19. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald þar sem segir: "Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum skulu renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi sem nemur 0,5% af þeim tekjum."

Reykjavík, mars 2005

Í stjórn

Guðmundur G. Þórarinnsson
formaður (sign)

Sveinn Hannesson (sign)
Stefán Hermannsson (sign)

Guðfinnur G. Johnsen (sign)
Sig, Jónsson (sign)

Framkvæmdastjóri
Ólafur Kjartansson (sign)

3.2 Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Úrvinnslusjóðs og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga, og annara laga, lögmat fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, mars 2005

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson

3.3 Rekstrarreikningur ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
Tekjur			
Úrvinnslugjöld v. innfluttra vara		354.650.160	
Úrvinnslugjöld v. innl.framleiðslu		14.682.666	123.881.314
Úrvinnslugjöld v. ökutækja		148.494.160	16.633.414 0
	1	<u>517.826.986</u>	<u>140.514.728</u>
Gjöld			
Rekstrarkostnaður	2	55.278.523	20.993.565
Móttökustöðvagjöld		148.311.662	100.934.432
Flutningsgjöld		43.872.873	30.934.586
Söfnunarstöðvagjöld		15.451.338	9.051.500 0
Önnur meðhöndlunargjöld		4.359.004	
Skilagjald		14.138.092	0
		<u>281.411.492</u>	<u>161.914.083</u>
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða		236.415.494	(21.399.355)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3	<u>1.718.184</u>	<u>3.904.544</u>
Tekjuafgangur (halli) ársins		<u>238.133.678</u>	<u>(17.494.811)</u>

3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2003

	Skýr.	2003	2002
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður		298.959.892	
Viðskiptakröfur		637.440	1.324.993
Virðisaukaskattur		2.774.494	10.878.979
Úrvinnslugjald		39.022.444	
Handbært fé		2.210.650	64.993.617
Eignir alls		<u>343.604.920</u>	<u>77.197.589</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		31.218.849	48.713.660
Tekjuafgangur (halli) ársins		238.133.678	(17.494.811)
Eigið fé		<u>269.352.527</u>	<u>31.218.849</u>
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður			8.409.640
Ýmsar skammtímaskuldir	4	<u>0 74.252.393</u>	<u>37.569.100</u>
Skuldir		<u>74.252.393</u>	<u>45.978.740</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>343.604.920</u>	<u>77.197.589</u>

3.5 Sjóðstreymi árið 2003

	2003	2002
Rekstrarhreyfingar		
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur (halli)	238.133.678	(17.494.811)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(329.190.298)	(3.446.858)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	28.273.653	9.427.715
Handbært fé frá rekstri	<u>(62.782.967)</u>	<u>(11.513.954)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(62.782.967)	(11.513.954)
Handbært fé í ársbyrjun	64.993.617	76.507.571
Handbært fé í árslok	<u>2.210.650</u>	<u>64.993.617</u>

3.6 Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, lög um ársreikninga nr. 144/1944 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Úrvinnslusjóður varð til með lögum nr. 162 frá 20. desember 2002. Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og tók við öllum sjóðum og skuldbindingum Spilliefnanefndar frá og með 1. janúar 2003.

Úrvinnslusjóður

Úrvinnslusjóður varð til 1. janúar 2003 með lögum nr. 162 frá 20. desember 2002. Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og tók við öllum sjóðum og skuldbindingum Spilliefnanefndar sem lagðist af frá sama tíma. Samanburðartölur í þessum ársreikningi frá árinu 2002 eru úr ársreikningi Spilliefnanefndar fyrir það ár. Í ríkisreikningi er tekjuafgangur Úrvinnslusjóðs talinn vera 22,3 m.kr. hærrí en fram kemur í þessum ársreikningi og eigið fé er 9,1 m.kr. lægra.

Skattar

Úrvinnslusjóður greiðir ekki tekju- og eignarskatt.

Skráning tekna

Úrvinnslugjald er fært í fjárhagsbókhald samkvæmt skilagreinum frá tekjubókhaldskerfi ríkisins.

Skráning gjalda

Gjöld eiga almennt að bókast þegar reikningar berast Fjársýslu ríkisins. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyrta viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Bókhald og fjárvarsla

Í júlí árið 2003 var ákveðið að Úrvinnslusjóður færi í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og kom það til framkvæmda um miðjan október á því ári. Fram að þeim tíma sá starfsmaður

hjá sjóðnum um greiðslu reikninga og færði sjóðbók yfir greiðslur á sama hátt og hann hafði áður gert á sex ára starfstíma Spilliefnanefndar. Þá sá hann um launagreiðslur út árið 2003. Tekjur sjóðsins (úrvinnslugjald) eru færðar í tekjubókhaldskerfi ríkisins.

Fjárheimildir

Rekstur Úrvinnslusjóðs er fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Í fjárlögum ársins 2003 var gert ráð fyrir að gjöld Spilliefnanefndar næmu 162,8 m.kr. Samþykkt laga um Úrvinnslusjóð sem tók við öllum sjóðum og skuldbindingum Spilliefnanefndar höfðu í för með sér mun umfangsmeiri rekstur en fjárlög gerðu ráð fyrir varðandi Spilliefnanefnd en gjöld sjóðsins, að frádregnum fjármagnstekjum, námu 279,7 m.kr. á árinu 2003. Í fjárukalögum fyrir árið 2003 er Spilliefnanefnd felld niður og settar eru inn gjaldaheimildir fyrir Úrvinnslusjóð að fjárhæð 365 m.kr.

Sundurliðanir

1. Úrvinnslugjald

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2003 að teknu tilliti til breytinga og afskrifta nam 358.213 þús. kr. Endurgreitt úrvinnslugjald vegna útflutnings, endurnýtingar og leiðréttrar álagningar nam 3.563 þús. kr. Tekjur af úrvinnslugjaldi vegna innfluttra vara á árinu 2003 voru því 354.650 þús. kr. Álagning og innheimta gjaldsins er í höndum tollstjóra/sýslumanna.

Úrvinnslugjald vegna innletrar framleiðslu er vegna þriggja málningarframleiðenda og eins fyrir-tækis sem endurvinnur leysiefni. Álagning gjaldsins er í höndum skattstjóra en innheimta er hjá sýslumönnum/tollstjórum.

Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem er lagt er á ökutæki og er gjaldið innheimt með bifreiða-gjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu úrvinnslugjalds af ökutækjum en innheimta er hjá sýslu-mönnum/tollstjórum.

2. Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld á árinu 2003 eru vegna stjórnar og framkvæmdastjóra. Aðrir starfsmenn sjóðsins fengu greitt sem verktakar og eru þau gjöld færð með sérfræðiþjónustu.

	2003	2002
Laun og launatengd gjöld	11.591.787	4.265.149
Sérfræðiþjónusta	25.373.134	12.930.323
Funda- og ferðakostnaður	3.217.094	1.428.930
Húsaleiga	2.777.005	590.000
Umsýslugjald til ríkissjóðs	2.476.908	674.456
Ýmis kostnaður	1.104.707	
Eignakaup	4.669.903	
	<hr/>	<hr/>
	55.278.523	20.993.565

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vöruflokkum. Sértekur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vöruflokki og því færður beint til gjalda á viðkomandi flokk. Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vöruflokk og er skipt á vöruflokkana í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vöruflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2003 eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum.

Rekstrarkostnaður, sértækur	14.054.079	
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	41.224.444	20.993.565
	<hr/>	<hr/>
	55.278.523	20.993.565

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Samkvæmt samkomulagi, sem var í gildi á milli ríkissjóðs og Spilliefnanefndar, um innheimtu og skil á tekjum af spilliefnagjaldi reiknuðust 5% vextir af innstæðu eða skuld við ríkissjóð sem myndaðist við frávik á mánaðarlegri innheimtu gjaldsins og ráðstöfun þess inn á bankareikning nefndarinnar. Ekki er fyrir hendi slíkt samkomulag milli ríkissjóðs og Úrvinnslusjóðs.

	2003	2002
Vaxtagjöld vegna ríkissjóðs	0	(1.268.469)
Vaxtatekjur	1.909.080	5.777.497
Fjármagnstekjuskattur	(190.896)	(577.748)
Önnur fjármagnsgjöld	0	(26.736)
	1.718.184	3.904.544

4. Ýmsar skammtímaskuldir	2003	2002
Þjónustusamningur vegna spilliefna	28.898.380	12.087.418
Þjónustusamningur vegna úrgangsolíu	24.820.818	15.882.358
Þjónustusamningur vegna drykkjarferna	4.184.693	0
Endurkröfur vegna útflutnings	6.777.616	6.777.616
Ýmis ógreidd gjöld	9.570.886	2.821.708
	74.252.393	37.569.100

Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2003	2002	2001	2000	1999
Rekstur					
Tekjur	517.827	140.515	147.530	153.989	131.862
Gjöld og fjármagnsliðir	279.693	158.010	135.629	144.880	117.971
Tekjuafgangur (halli) ársins	238.134	(17.495)	11.901	9.109	13.891
Efnahagur					
Veltufjármunir	343.605	77.198	85.265	74.501	76.077
Eignir alls	343.605	77.198	85.265	74.501	76.077
Höfuðstóll	269.353	31.219	48.714	36.812	27.703
Skammtímaskuldir	74.252	45.979	36.551	37.689	48.374
Eigið fé og skuldir alls	343.605	77.198	85.265	74.501	76.077

Úrvinnslusjóður varð til með lögum nr. 162 frá 20. desember 2002 og var árið 2003 fyrsta rekstrarár sjóðsins. Árin 1999 til 2002 sýna rekstur og efnahag Spilliefnanefndar en Úrvinnslusjóður tók við öllum sjóðum og skuldbindingum nefndarinnar frá og með 1. janúar 2003.

3.7 Uppgjör ársins 2003 eftir vöruflokkum

	Vöruf. 02	Vöruf. 04	Vöruf. 05	Vöruf. 06	Vöruf. 07	Vöruf. 08	Vöruf. 09	Vöruf. 10	Vöruf. 11	Vöruf. 12	Vöruf. 13	Vöruf. 14	Vöruf. 15	Vöruf. 16	Vöruf. 17	Vöruf. 18	Vöruf. 51	Samtals
Tekjur:																		
Álagt úrvinnslugjald vinnfluttra vara	25.974.527	65.862.070	3.055.353	6.923.910	425.644	14.808.497	8.891.940	17.189.230	23.430.283	8.657.125	138.600	557.751	358.469	182.102.320				358.375.719
Álagt úrvinnslugjald vinnfluttra vara og ókutækja			9.337			14.673.329											148.494.160	163.176.826
Afskrifað úrvinnslugjald		-138.073				-648						-4					-24.057	-162.782
Endurg. úrv. v/ notkunar í aðrar vörur			-1.261.218															-1.261.218
Endurgreitt úrvinnslugjald v/útflutnings																		0
Endurgreitt úrv. v/eigin endurnýtingar							-2.301.559											-2.301.559
Tekjur samtals (nettó):	25.974.527	65.723.997	1.803.472	6.923.910	425.644	29.481.178	6.590.381	17.189.230	23.430.283	8.657.125	138.600	557.747	358.469	182.102.320	0	0	148.470.103	517.826.986
Gjöld:																		
Skilagjald																		13.210.000
Skilagjald																		928.092
Móttökustöðvagjald	1.480.556	32.279.156	5.432.430	7.092.807	345.702	27.955.798	7.126.757	4.642.279	18.547.795	10.548.556	30.884	256.159	1.301.401	31.271.382	0	0	0	148.311.662
Söfnunarstöðvagjald	6.392.879	752.291	53.932	70.405	14.361	2.562.329	4.945	645.954	3.251.407	886.994	368	8.863		fært '04				14.644.728
Úmsjálukostnaður v/söfnunarstöðvagjalds		75.214	5.393	7.041	1.435	256.232	493	64.595	306.582	88.700	37	888			0	0	0	806.610
Söfnunarstöðvagjald	6.392.879	827.505	59.325	77.446	15.796	2.818.561	5.438	710.549	3.557.989	975.694	405	9.751	0	0	0	0	0	15.451.338
Flutningsgjald	2.138.129	32.435.641	77.542	74.135	25.296	1.224.223	8.596	503.798	4.985.812	1.534.813	575	6.257		fært '04				fært '04
Úmsjálukostnaður v/ flutningsgjalds		36.568	7.754	7.413	2.531	122.422	864	50.381	475.958	153.481	58	626			0	0	0	858.056
Flutningsgjald	2.138.129	32.472.209	85.296	81.548	27.827	1.346.645	9.460	554.179	5.461.770	1.688.294	633	6.883	0	0	0	0	0	43.872.873
Önnur meðhöndlunargjöld																		4.359.004
Rekstrar- sért. annar en innþöknun			30.000											5.697.820	4.405.658	100.444		1.343.249
Innheimtuþöknun ríkisins	123.394	312.228	14.559	32.893	2.022	140.053	42.242	81.659	111.308	41.126	658	2.650	1.703	865.093	0	0	705.320	11.577.171
Rekstrarkostnaður, sértækur	123.394	312.228	44.559	32.893	2.022	140.053	42.242	81.659	111.308	41.126	658	2.650	1.703	6.562.913	4.405.658	100.444	2.048.569	14.054.078
Rekstrar- og fjárm.kostn., sameiginl.	1.981.659	5.014.241	137.591	528.242	32.473	2.249.190	502.796	1.311.407	1.787.552	660.473	10.574	42.552	27.348	13.893.022	0	0	11.327.139	39.506.260
Gjöld samtals:	12.116.617	70.905.339	5.759.201	7.812.935	423.820	34.510.247	7.686.693	7.300.073	29.466.414	13.914.143	43.155	317.994	1.330.452	51.727.317	4.405.658	100.444	31.872.805	279.693.308
Rekstrarmúrustaða ársins	13.857.910	-5.181.342	-3.955.729	-889.025	1.824	-5.029.069	-1.096.312	9.889.157	-6.036.131	-5.257.018	95.445	239.753	-971.983	130.375.003	-4.405.658	-100.444	116.597.298	238.133.678
Eigið fé í ársbyrjun	0	22.830.638	-1.402.733	-8.545.663	-1.191.940	-33.667.152	-9.576.863	-6.384.220	41.509.899	87.028	-74.709	131.573	27.502.989	0	0	0	0	31.218.847
Eigið fé í árslok	13.857.910	17.649.296	-5.358.462	-9.434.689	-1.190.116	-38.696.221	-10.673.175	3.504.937	35.473.768	-5.169.990	20.736	371.326	26.531.006	130.375.003	-4.405.658	-100.444	116.597.298	269.352.525
Afsemning mk og SHar.	10.011.564	65.578.870	5.607.051	7.251.801	389.325	32.121.004	7.141.655	5.907.007	27.567.554	13.212.544	31.922	272.793	1.301.401	36.969.202	4.405.658	100.444	19.840.345	237.710.140

4. Rekstur úrvinnslugjaldskerfisins

4.1 Fjárhagsafkoma

Brúttótekjur af úrvinnslugjaldi námu 521,6 m.kr. á árinu. Þar af var úrvinnslugjald af innfluttum vörum 358,4 m.kr., af innlendra framleiðslu 14,7 m.kr. og af ökutækjum 148,5 m.kr.

Endurgreitt úrvinnslugjald, vegna leysiefna sem notuð eru í innlendra málningarframleiðslu, nam 1,3 m.kr., og vegna eigin endurnýtingar fyrir-tækja á prentilaúrgangi 2,3 m.kr. Afskrifað úrvinnslugjald nam 0,2 m.kr.

Nettótekjur af úrvinnslugjaldi voru því 517,8 m.kr. árið 2003.

Tekjur af spilliefnum jukust úr 140,5 m.kr. árið 2002 í 161,3 m.kr. árið 2003. Tekjur af rafhlöðum jukust um 14,0 m.kr. vegna breytinga á gjaldstofni en minnkuðu af kælimiðlum um 9,9 m.kr. vegna gjaldskrárbreytingar. Að teknu tilliti til þessara breytinga varð tekjuaukning milli ára um 16,7 m.kr. eða um rúm 10%. Skýrist það fyrst og fremst af auknum innflutningi til landsins.

Í ársbyrjun hófst álagning á þrjá vöruflokka:

samsettar drykkjarvöruumbúðir, hjólbarða og skráð ökutæki. Tekjur af þeim vöruflokkum námu 356,6 m.kr.

Heildargjöld námu 279,7 m.kr. Gjöld vegna spilliefna námu 179,5 m.kr. og vegna vöruflokka sem fyrst urðu gjaldskyldir árið 2003 námu þau 100,2 m.kr. Stærstu útgjaldaliðir voru móttöku-stöðvagjöld sem námu 54% af heildargjöldum og flutningsgjöld 16%. Söfnunarstöðvagjöld voru tæp 6% og skilagjald, sem einungis er greitt vegna bifreiða, nam 5%.

Rekstrarkostnaður að teknu tilliti til fjármagnstekna nam tæpum 19% af heildargjöldum en rúnum 10% af tekjum. Rekstrarniðurstaða á árinu var jákvæð um 238,1 m.kr. Eigið fé nam 269,4 m.kr. í árslok.

Kröfur olúfélaganna vegna sölu á smurólíu til erlendra skipa eru ófrágengnar en hafa verið bókfærðar (6,8 m.kr.) auk þess sem ætla má að olúfélögin eigi eftir að lýsa a.m.k. annarri eins kröfu vegna árána 1998-2003.

Svæðaskipting

Sorpsamlag/sveitarfélag	Starfssvæði	Íbúafjöldi
Sorpa bs.	Höfuðborgarsvæðið (Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Mosfellsbær og Kjósarhreppur	181.929
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	Öll sveitarfélög sunnan Hafnarfjarðar og vestan Ölfushrepps	16.953
Sorpsamlag Vesturlands hf.	Öll sveitarfélög í Vesturlandskjördæmi. Reykólahreppur er talinn hér með	14.717
Vesturbyggð og Tálknafjörður		1.437
Funi	Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurhreppur	5.293
Sorpsamlag Strandasýslu	Öll sveitarfélög í Strandasýslu	912
Húnaþing vestra		1.094
Austur Húnavatnssýsla	Öll sveitarfélög í Austur Húnavatnssýslu	2.120
Skagafjörður og Akrahreppur	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	4.413
Siglufjörður		1.434
Sorpeyðing Eyjafjarðar	Öll sveitarfélög í Eyjafjarðarsýslu, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa. Grímsey talin með	21.798
Sorpsamlag Þingeyinga	Öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslu utan Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppa	5.037
Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar		868
Sorpeyðing Miðhéraðs	Austur-Hérað og Fellahreppur	1.721
Norður-Hérað, Seyðisfjörður, Fljótalds- og Borgarfjarðarhreppur		2.225
Sorpsamlag Mið-Austurlands	Fjarðarbyggð, Búða-, Fáskúrsfjarðar- og Stöðvahreppar	4.022
Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpavogshreppar		3.051
Hula bs.	Skaftár-, Mýrdals, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur	1.015
Sorpstöð Rangárvallasýslu	Öll sveitarf. í Rangárvallasýslu önnur en A- og V-Eyjafjallahreppar	3.240
Sorpstöð Suðurlands	Öll sveitarfélög í Árnassýslu	12.950
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	4.341
	Samtals	290.570

Tafla 4.1
Starfssvæði
sorpsamlaga/
sveitarfélaga og
íbúafjöldi þeirra
árið 2003

Mótttekinn flokkaður úrgangur eftir starfssvæðum 2003

Heildarmagn [kg]															
Starfssvæði	Framköllunarefni	Halógen-erud efna-sambönd	Hjólbarðar	Ísós-yanöt	Kvikasilfursvörur	Kælimiðlar	Leysiefni	Olíu-málning	Olíu-vörur	Prentlitir	Rafgeymar	Rafhlöður	Samsettar umbúðir	Varnarefni	Samtals
11 Sorpa bs.	138.184	15.948	1.615.800	959	117	779	81.779	157.196	2.434.873	54.724	687.235	24.653	108.497	1.302	5.322.046
21 Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	4.480	332					1.189	9.741	296.665		92.424	2.086		3	406.929
31 Sorpsamlag Vesturlands hf.	3.614						64	4.321	226.195		36.605	918		8	271.725
41 Vesturbýggð og Tálknafjörður	278														278
42 Funi	1.319	219						356	2.111	118.801	29.944				152.750
43 Sorpsamlag Strandasýslu	275							540	1.365		5.856	87			8.123
51 Húnaþing vestra	447			8				291	12.285		5.560	126		3	18.720
52 Austur Húnavatnssýsla	238							3	41.451	4	5.292	411			47.399
53 Skagafjörður og Akrahreppur	816	54					591	591	104.511	45	13.930	596		4	121.138
54 Siglufjörður	1.166	6		32				269	87.569		3.156	214	258	1	92.671
61 Sorpeyðing Eyjafjarðar	8.534	12.797		483	4	20	8.467	5.304	602.757	136	50.698	2.978	11.917	59	704.154
62 Sorpsamlag Þingeyinga	611	229		10	1			639	89.144		16.454	569		1	107.658
71 Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppur									47.539		3.298	134			50.971
72 Sorpeyðing Miðháraðs	4.743	181		7	3			1.120	37.356	8	14.861	355	3.482	10	62.126
73 Norður-Hérað, Seyðisfjörður, Fljótalds- og Borgarfjarðarhreppur	148			4				71	11.894		2.467	146			14.730
74 Sorpsamlag Mið-Austurlands	1.753	187		35	2		19	2.328	245.784	14	16.204	805		8	267.139
75 Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpvogshreppur	600			3				460	50.696	10	18.370	460			70.599
82 Hula bs.	3							273	1.001		6.124	210		1	7.612
83 Sorpstöð Rangárvallasýslu	960	25					117	199	32.032	12	14.239	199	2.110	30	49.923
84 Sorpstöð Suðurlands	6.194	4.970		32	4	61	3.029	8.103	114.851	133	35.705	1.505	15.800	18	190.405
85 Bæjarveitur Vestmannaeyja	5.647							899	317.819		1.365	907		1	326.638
Samtals	180.010	34.948	1.615.800	1.573	140	860	95.611	194.459	4.874.586	55.086	1.059.787	37.359	142.064	1.449	8.293.732

Tafla 4.2
Mótttekinn flokkaður úrgangur eftir starfssvæðum 2003

Í töflu 4.2 kemur fram hvað hefur borist til úrvinnslu á árinu í hverjum vörflokkum á mismunandi starfssvæðum. Með því að meta magn úrgangs miðað við íbúafjölda má gera samanburð milli starfssvæða óháð íbúafjölda hvers svæðis.

Í töflu 4.3 er magn úrgangs í öllum vörflokkum tilgreint miðað við þúsund íbúa. Sakir fámennis á mörgum starfssvæðanna verða ekki dregnar viðtækar ályktanir af þessum upplýsingum. Ef skil eru ekki regluleg getur t.d. einn farmur af úrgangi skekkt myndina verulega.

4.2 Samanburður við áætlanir

Innflutningur á vörum sem úrvinnslugjald er lagt á hefur í mörgum tilvikum vikið verulega frá því sem upphaflega var áætlað. Minni úrgangur hefur skilað sér í sumum vörflokkum en áætlað var. Á það sérstaklega við um þá vörflokka sem gjald var fyrst lagt á nú á árinu, s.s. hjólbarða, ökutæki og samsettar umbúðir.

4.3 Kostnaður við framkvæmd laganna um úrvinnslugjald

Í lögum um úrvinnslugjald er kveðið á um að sérhver vörflokkur skuli vera fjárhagslega sjálfstæður. Úrvinnslugjald er lagt á hvern vörflokk óháð öðrum vörflokkum. Hver og einn vörflokkur myndar sérstakan sjóð þar sem tekjum og gjöldum er ætlað að standast á. Rekstrarkostnaði er deilt á vörflokkana í réttu hlutfalli við tekjur (álögð úrvinnslugjöld) viðkomandi vörflokks á árinu.

Ársreikningur sýnir að verulegur munur er á afkomu einstakra vörflokka. Þar sem reynsla er komin á reksturinn var úrvinnslugjöldum í

nokkrum vörflokkum breytt í ársbyrjun skv. lögum sem samþykkt voru á haustþingi 2002. Gjöld voru lækkuð á kælimiðla úr 98,00 í 2,50 kr/kg en hækkuð á ísósyanöt um 30%, um 25% á prentliti og kemiskar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði, um 21% á olíuvörur og um rúm 6% á olíumálningu. Breytingar urðu svo á gjaldi þann 1. janúar 2004. Aftur voru hækkuð gjöld á prentliti, kemiskar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði, olíuvörur og á olíumálningu.

4.4 Rekstraráætlun 2003

Ljóst er að jöfnuðir í tekjum og gjöldum hvers og eins vörflokks næst ekki á hverju ári. Misjafnlega hefur hallað á í rekstri vörflokkanna en með breytingu á úrvinnslugjaldi og hagræðingu í rekstri hefur verið leitast við að jafna stöðu flokkanna.

Eins og fyrr greinir hófst álagning á hjólbarða, ökutæki og samsettar pappambúðir (drykkjarvörufergur) í ársbyrjun. Áætlun um tekjur af álagningu á hjólbarða og ökutæki fór nærri lagi en varð verulega lægri á samsettar umbúðir. Gjöld urðu hins vegar ekki nema rúm 20% af tekjum af ökutækjum, tæp 30% af hjólbörðum og rúm 50% af samsettum umbúðum. Skýrist það af því að útgreiðslur vegna þessara vörflokka hófust ekki fyrr en 3-6 mánuðir voru liðnir af árinu og skil voru lítil framan af. Leiddi þetta til þess að rekstrarafkoma þessara þriggja vörflokka varð jákvæð um 261 m.kr. en samanlögð afkoma annarra vörflokka varð neikvæð um 23 m.kr. Frá sama tíma var úrvinnslugjald hækkað á olíumálningu, prentliti, framköllunarefni, olíuvörur og ísósyanöt. Afkoma flestra þessara flokka varð samt slakari en reiknað var með.

Mótttekinn flokkaður úrgangur á hverja þúsund íbúa 2003

Heildarmagn [kg]															
Starfssvæði	Framköllunarefni	Halógeneruð efnasambönd	Hjólbarðar	Ísósyanöt	Kvikasífursvörur	Kælimiðlar	Leysiefni	Oliu-málning	Oliu-vörur	Prentlitir	Rafgeymar	Rafhlöður	Samsettar umbúðir	Varnarefni	Samtals
11 Sorpa bs.	768	89	8.987	5	1	4	455	874	13.543	304	3.822	137	603	7	29.601
21 Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	267	20			1		71	580	17.666		5.504	124		0,2	24.232
31 Sorpsamlag Vesturlands hf.	244						4	292	15.297		2.475	62		1	18.376
41 Vesturbýggð og Tálknafjörður	187														187
42 Funi	248	41					67	397	22.323		5.626				28.702
43 Sorpsamlag Strandasýslu	300							590	1.490		6.393	95			8.868
51 Húnaþing vestra	399			7				260	10.979		4.969	113		3	16.729
52 Austur Húnaþingnorræna	111							1	19.297	2	2.464	191			22.066
